



SUNDLEIKFIMI.

UMF. Efling og Sundlaugin á Laugum standa fyrir sundleikfimi fimmtudaga kl: 14.30-15.30.

Leiðbeinandi er Friðrika Björk Illugadóttir.

Verð 300.- pr.tími.

HVETJUM ALLA KONUR OG KARLA TIL

AÐ STUNDA GÓÐA HREYFINGU.

Sjáumst.

Bjarmaball



Föstudagskvöldið 7. nóvember kl. 21:30

Í salnum á Illugstöðum

„Því ekki að taka lífið létt! „

Miðaverð kr. 2000.-

Ari Bald spilar

Allir í stuði

Hlýtt og notalegt

Nefndin



Íbúar Þingeyjarsveitar

Oddviti sveitarstjórnar, Arnór Benónýsson verður með viðtalstíma í Kjarna n.k. mánudag 10. nóvember milli kl. 11:00 og 12:00.

Á þessum tíma svarar oddviti einnig síma og tölvupósti eftir því sem kostur er.

Sími oddvita er 661 6292 og netfang arnor@thingeyjarsveit.is

Sveitarstjóri



Ágæti íbúi Þingeyjarsveitar

Nú líður að skoðunarkönnun á vegum sveitarfélagsins um skólamál. Þá verður einnig kannaður hugur íbúa til ljósleiðaravæðingar. Þetta er mikilvægt veganesti fyrir sveitarstjórn varðandi næstu skref í ljósleiðaravæðingu.

Okkur langar að koma á framfæri nokkrum atriðum til þess að fólk geti betur gert sér grein fyrir vekefninu og mikilvægi þess. Sveitarfélög hafa í vaxandi mæli látið sig varða mál sem snúa að uppbyggingu fjarskiptaþjónustu innan sveitarfélaganna og í sumum tilvikum stofnað sérstakt fjarskiptafyrirtæki, um lagningu aðgangsnets innan sveitarfélagsins. Meginástæðan fyrir þessari þróun eru þær að forsvarsmenn þessara sveitarfélaga telja að uppbygging fjarskiptanets á viðkomandi svæði hafi ekki gengið nægilega hratt fyrir sig til að mæta síauknum kröfum notenda um aukinn gagnahraða.

Ástæða þess að fjarskiptafyrirtæki hafa ekki sinnt uppbyggingu á nýjum innviðum fjarskiptakerfa í dreifbýli er fyrst og fremst hár fjárfestingarkostnaður, sem kemur í veg fyrir að fjarskiptafyrirtæki geti reiknað sér eðlilega arðsemi af fjárfestingunni.

Lagðar eru fram fjarskiptaáætlanir á Alþingi en því miður sér ekki fyrir endann á því að leyst verði úr þeim vanda sem hinar dreifðu byggðir eiga við að etja, þrátt fyrir góðan ásetning stjórnvalda.

Af þessum sökum sjáum við í meirihluta sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar ekki aðra lausn en að ráðast sjálf í lagningu ljósleiðara í sveitarfélaginu. Það er trú okkar að bætt fjarskipti sé ein af forsendum fyrir nýsköpun, aukinni atvinnu og bættum lífsgæðum.

Ljóst er að um mjög kostnaðarsama framkvæmd er að ræða en við munum gera okkar besta til þess að finna hagkvæmustu lausnina í samvinnu við sérfróða aðila.

Kostir þess að taka inn ljósleiðara eru:

- Með Ljósleiðaranum færðu hröðustu tengingu sem býðst og verður í boði í fyrirsjáanlegri framtíð.
- Þú færð meiri hraða en með öðrum tengingum og er sá hraði jafn í báðar áttir.

Norðurbings til þess að fara yfir stöðuna og fyrirkomulag þjónustunnar og að til þeirra viðræðna fari sveitarstjóri, oddviti, formaður Félag- og menningarmálanefndar og einn fulltrúi tilnefndur af T-lista.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna og felur sveitarstjóra að óska eftir fundi. Hlynur Snæbjörnsson var tilnefndur af T-lista.

9. Fjárhagsáætlun Þingeyjarsveitar fyrir árið 2015

Lögð fram fyrstu drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2015 og næstu þrjú ár þar á eftir; 2016-2018. Skrifstofustjóri mætti til fundarins undir þessum lið og gerði grein fyrir fjárhagsáætlun ásamt sveitarstjóra. Rætt um helstu forsendur og áhersluatriði fjárhagsáætlunar en vinna við gerð hennar stendur nú yfir næstu vikurnar og endanleg áætlun mun öðlast gildi í síðasta lagi 15. desember n.k. að fenginni tveimur umræðum í sveitarstjórn.

10. Verkfall tónlistarkennara

Verkfall tónlistarkennara tekið til umræðu, sveitarstjórn samþykkti eftirfarandi bókun:

Sveitarstjórn lýsir áhyggjum sínum af stöðunni í kjarasamningsviðræðum milli tónlistarkennara og Sambands íslenskra sveitarfélaga og leggur áherslu á mikilvægi tónlistarkennslu í menntun og þroska barna og unglinga. Sveitarstjórn hvetur því samningsaðila til þess að gera sitt ýtrasta til klára þessa vinnu sem fyrst.

Lagt fram til kynningar:

Ályktanir fulltrúafundar Landssamtakanna
Proskahjálpar

Fleira ekki gert og fundi slitið 16:53

Lögð fram fundargerð Brunavarnanefndar frá 15. október s.l. Arnór gerði grein fyrir fundargerðinni sem var í tveim liðum.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

6. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 23.10.2014

Lögð fram fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 23. október s.l. Ásvaldur gerði grein fyrir fundargerðinni sem var í þrem liðum.

1. Liður fundargerðar; Erindisbréf Skipulags- og umhverfisnefndar, endurskoðun.

Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins til næsta fundar.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leyti.

7. Fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 23.10.2014

Lögð fram fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 23. október s.l. Heiða gerði grein fyrir fundargerðinni sem var í fimm liðum.

Varðandi 2. lið fundargerðar þá samþykkir sveitarstjórn að fela nefndinni og starfsmanni málefna aldraðra að vinna frekari stefnumótun í heimaþjónustu sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leyti.

8. Þjónustusamningur vegna málefna fólks með fötlun
Tekin til umræðu þjónustusamningur við Norðurþing um málefni fólks með fötlun. Sveitarstjóri Norðurþings hefur óskað eftir afstöðu Þingeyjarsveitar til umsóknar um áframhaldandi undanþágu vegna landfræðilegra aðstæðna frá átta þúsund íbúa lágmarki þjónustusvæða sem sett var við yfirfærslu málaflokksins til sveitarfélaganna árið 2011. Undanþágan fellur úr gildi um næstu áramót.

Oddviti lagði til að óskað yrði eftir fundi með fulltrúum

- Sjónvarp um Ljósleiðarann býður upp á útsendingar í bestu mögulegu myndgæðum, fjölda sjónvarpsrása, myndleigu, útsendingar í háskerpu og hægt er að hafa allt að 7 myndlykla.
- Þú þarft ekki að vera með loftnet eða símalínu.
- Útvarpsútsendingar verða eins og best verður á kosið.
- Þér bjóðast þjónustupakkar líkt og öðrum sem eru á ljósleiðara –sjá t.d. > <https://365.is/tilbodspakkar> (ATH - Net og sími eru ókeypis í sumum pökkunum. Pakkar í boði frá 4.990,- við bætist svo heimtaugagjald sem er c.a. 2.900,- á mánuði)
- Þú getur fengið Voip símaþjónusta sem tekur ekkert gjald sé hringt úr heimasíma í heimasíma (Misjafnt milli þjónu-suaðila).
- Þú getur dregið símalínugjaldið (1400 til 1990kr.) frá ljósleiðara heimtaugagjaldinu (2900kr.)

Þegar þetta allt er tekið saman er líklega hægt að setja þetta upp sem sparnað, en fyrst og fremst snýst þetta um aukið frelsi og lífsgæði.

Miðað við frumútreikninga þá er verkefnið stórt og kostnaður rétt rúm milljón pr. heimili. Okkar fyrstu áætlanir gera ráð fyrir því að kostnaðarhlutdeild hvers heimilis verði um 250 þúsund, því verður niðurgreiðsla sveitarfélagsins og samstarfsaðila umtalsverð. Ekki er útséð um aðkomu opinbera sjóða að framkvæmdinni. Þau heimili sem ætla sér að koma inn síðar bera mun hærri kostnað. Rétt er að benda á að líftími á ljósleiðaraneti er talinn vera um 30-50 ár og því er fjárfestingin til framtíðar. Reynsla íbúa sem ekki hafa tekið þátt í ljósleiðaravæðingu í öðrum sveitarfélögum, er eftirsjá þar sem eignir þeirra verða þyngri í sölu og í leigu. Af þessum sökum er mikilvægt að þátttaka íbúa í verkefninu verði góð og almenn.

Fyrir hönd fulltrúa A- lista
Árni Pétur Hilmarsson

Félagsvist – Ýdalir.



Nú ætlum við að spila félagsvist þrjú næstu þriðjudagskvöld,
11. nóvember, 18. nóvember og 25. nóvember
að Ýdölum kl. 20:00.
Mætum hress og höfum gaman af.
Allir velkomnir.

Diddólína.



Messa Einarsstöðum

Almenn guðspjónusta sem vera átti á
Einarsstöðum sunnudaginn 9. nóvember færast til
og verður sunnudaginn 16. nóvember klukkan
20:00. Nánar auglýst síðar.

Séra Þorgrímur.

sveitarstjórnar á fundi 7. ágúst s.l.

*Samþykkt að fyrri viðtalstími kjörinna fulltrúa fyrir áramót
verði þann 20. nóvember n.k. í Stórutjarnaskóla og
seinni viðtalstíminn verði 4. desember í
félagsheimilinu á Breiðumýri. Viðtalstímar verða frá
kl. 20:00 til 21:30. Sveitarstjóra falið að auglýsa
viðtalstímana.*

3. Kvenfélag Fnjóskdæla – áskorun

Lagt fram bréf frá Hlíf Guðmundsdóttur f.h. Kvenfélags
Fnjóskdæla dags. 9. október s.l. þar sem fram kemur
að á aðalfundi kvenfélagsins sem haldinn var 8.
október var eftirfarandi áskorun samþykkt:

„Fundurinn lýsir yfir mikilli óánægju með það
ófremdarástand sem ríkt hefur á svæði ruslagámana
við Fnjóskárbrú og hvetur sveitarstjórn til að hraða
sem allra mest þeirri vinnu sem í gangi er í viðleitni til
úrlausna á svæðinu.“

*Sveitarstjórn þakkar fyrir bréfið. Sveitarstjórn er
meðvituð um slæma umgengni á gámasvæðum almennt
í sveitarfélaginu og hvetur notendur til þess að ganga
vel um og tilkynna til skrifstofu sveitarfélagsins ef
gámar eru fullir. Verið er að vinna að framtíðarlausn í
sorphirðu í sveitarfélaginu og unnið er að þeim málum
eins hratt og unnt er.*

4. Breyting á rekstrarleyfi – Stóru-Laugar

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Húsavík
dags. 27. október s.l. þar sem Elín Björk Einarsdóttir
sækir um f.h. Stóru-Lauga ehf. viðbót við rekstrarleyfi
til sölu gistingar og veitingu veitinga að Stóru-Laugum
í Þingeyjarsveit.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við viðbótarleyfið
fyrir sitt leyti.*

5. Fundargerð Brunavarnanefndar frá 15.10.2014



**Fundargerð
Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar
156. fundur**

haldinn í Kjarna fimmtudaginn 30. október kl. 13:00

Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Heiða Guðmundsdóttir, Árni Pétur Hilmarsson, Sigurður Hlynur Snæbjörnsson og Ragnar Bjarnason.
Að auki sat fundinn Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund. Hann óskaði eftir að bæta á dagskrá undir 10. lið; Verkfall tónlistarkennara.

Samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

- 1) Kynning KPMG
 - 2) Viðtalstímar kjörinna fulltrúa
 - 3) Kvenfélag Fnjóskdæla – áskorun
 - 4) Breyting á rekstrarleyfi – Stóru-Laugar
 - 5) Fundargerð Brunavarnanefndar frá 15.10.2014
 - 6) Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 23.10.2014
 - 7) Fundargerð Félags- og menningarmálanefndar frá 23.10.2014
 - 8) Þjónustusamningur vegna málefna fólks með fötlun
 - 9) Fjárhagsáætlun Þingeyjarsveitar fyrir árið 2015
 - 10) Verkfall tónlistakennara
1. **Kynning KPMG**
Arnar Árnason og Jón Ari Stefánsson frá KPMG mættu til fundarins og héldu fræðsluerindi um fjármál sveitarfélaga. Skrifstofustjóri mætti til fundarins undir þessum lið.
 2. **Viðtalstímar kjörinna fulltrúa**
Tekið til umræðu viðtalstímar kjörinna fulltrúa sbr. bókun

Óleðilegt jólahlaðborð

Fosshotel Húsavík býður til glæsilegs jólahlaðborðs og dúndrandi dansleiks laugardagskvöldin 29. nóvember og 6. desember næstkomandi. Njóttu ljúfrar jólastemningar og hlaðborðs sem svignar undan dýrindis krásum. Veislustjóri er Guðni Bragason. Hljómsveitin Von ásamt söngvaranum Matta Matt spilar fyrir dansi að borðhaldi loknu.

Aðeins 8.990 kr. á mann

Tilboð í gistingu með jólahlaðborði

Tveggja manna herbergi með morgunverði og jólahlaðborði á 29.900 kr. eða 17.990 kr. fyrir einstaklinga. Aukanótt er á 13.950 kr. eða 10.000 kr. fyrir einstaklinga.

Bókaðu núna í síma 464 1220
eða á husavik@fosshotel.is

FOSSHOTEL
HÚSAVÍK



Kyrrðarstund í Þorgeirskirkju

Kyrrðarstund verður í Þorgeirskirkju miðvikudagskvöldið 12. nóvember kl. 20.00. Orð og bænir og ljúfir geisladiskatónar. Gott að koma saman í bæn og þökk. Molasopi eftir stund. Samvera fyrir fermingarbörn í kirkjunni á undan frá kl. 17.00.

Verið öll velkomin!



Umsóknarfrestur um styrki til lista- og menningarstarfs og íþróttá og æskulýðsstarfs hefur verið framlengdur til 12.nóvember 2014

Styrkir til lista- og menningarstarfs

Félags- og menningarmálanefnd Þingeyjarsveitar auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna lista- og menningarstarfs á árinu 2014. Bæði einstaklingar og félagasamtök geta sótt um styrki og metur nefndin hvaða verkefni eru styrkhæf og hver ekki.

Félagasamtök þurfa að skila inn ársreikningi liðins árs með umsókn. Þá ber öllum að skila inn til nefndarinnar greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár innan árs frá styrkveitingu.

Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu og/eða á skrifstofu Þingeyjarsveitar. Umsóknir og fylgiskjöl skulu berast til skrifstofu sveitarfélagsins eða á netfangið heida@thingeyjarsveit.is í síðasta lagi **12. nóvember n.k.**

Styrkir til íþróttá og æskulýðsstarfs

Félags- og menningarmálanefnd Þingeyjarsveitar auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna íþróttá og æskulýðsstarfs á árinu 2014. Bæði einstaklingar og félagasamtök geta sótt um styrki og metur nefndin hvaða verkefni eru styrkhæf og hver ekki.

Félagasamtök þurfa að skila inn ársreikningi liðins árs með umsókn. Þá ber öllum að skila inn til nefndarinnar greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár innan árs frá styrkveitingu.

Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu og/eða á skrifstofu Þingeyjarsveitar. Umsóknir og fylgiskjöl skulu berast til skrifstofu sveitarfélagsins eða á netfangið heida@thingeyjarsveit.is í síðasta lagi **12. nóvember n.k.**

Ath. minnum styrkþega 2013 á að skilað inn greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár.

Félags- og menningarmálanefnd
Þingeyjarsveitar

44.tbl.
6. nóvember
2014
20. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



Jólamarkaður - viltu taka þátt?

Í ár verða tveir markaðsdagar í Mývatnssveit. En þeir verða haldnir í tengslum við Aðventuhátíð í Dimmuborgum og hinu árlega jólabaði jólasveinanna í Jarðböðunum við Mývatn. Markaðsdagarnir verða:

- * Í Dimmuborgum 29. nóvember frá kl. 13-17 (utandyra/í tjaldi)
- * Í Jarðböðunum við Mývatn 13. desember frá kl. 14-18.

Leiga á borði er sem fyrr kr. 4.500,-

Skráning og nánari upplýsingar í Mývatnssstofu.
Vinsamlegast sendið póst á Guðrúnu Brynleifsdóttur,
gudrun@visitmyvatn.is eða hringið í síma:

464 4390 / 898 9820.

Mývatnssveit töfraland jólanna

